

Alþingi
Erindi nr. P 130/1131
komudagur 25.2.2004



Alþingi
Iðnaðarnefnd
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
150 Reykjavík

Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 22. febrúar 2004

Efni: Einkaleyfi, 303. mál

Líftækni hefur rutt sér til rúms í iðnaði á Íslandi og nokkur hundruð manna hafa atvinnu af greininni hér. Sóknarfærin eru einkum talin vera í efnaiðnaði, matvælaíðnaði og lyfjaframleiðslu. Talsvert nýsköpunar- og þróunarstarf fer fram hér á landi og umsóknum um skráningu einkaleyfa á þessu sviði mun fjölga. Það er því eðlilegt og skynsamlegt að fram komi frumvarp á Alþingi, byggt á tilskipun 98/44/EB um lögverndun uppfinninga í líftækni. Sú leið er farin við innleiðingu að gera breytingar á nokkrum greinum laga nr. 17/1991 um einkaleyfi þess má geta að sambærilegar breytingar á norski einkaleyfalöggjöf tóku gildi 1. febrúar 2003.

Flóknar siðfræðilegar spurningar hafa risið á undanförunum árum af framförum í vísindum og nýrri tækni sem gerir kleift að nýta lífríkið, dýr og menn á nýjan og áður óhugsandi máta. Að mati Samtaka iðnaðarins skiptir á sviði sem þessu miklu að upplýst og skynsamleg umræða fari fram. Vert er að vekja á því athygli að hér er hlutverk Alþingis óvenjulegt því ekki er á nokkrum venjum eða staðfestum hefðum að byggja heldur með lögum ákveðið að halda framsókn tækni og viðskipta frá tilteknum lífrænum fyrirbærum. Með samþykkt frumvarpsins verða aðferðir við einræktun og ýmissar annarrar erfðatækni útilokaðar frá einkaleyfisvernd.

Samtök iðnaðarins gera engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið í núverandi mynd og styðja samþykkt þess.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Kristrún Helmsdóttir
lögfræðingur